

## 6. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer skv. VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 7. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Skorradalshrepps er hér með staðfest skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 24. október 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi „Ásland 2. áfangi“ vegna legu Ásbrautar, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 9. apríl 2002 breytingu á deiliskipulagi „Ásland 2. áfangi“ vegna legu Ásbrautar í Hafnarfirði.

Breytingin varðar legu Ásbrautar frá Goðatorgi að Kaldársselsvegi, skipulagsmörk breytast og jafnframt eru stígar aðlagðir að þeim breytingum.

Farið var með tillöguna samkv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 24. október 2002.*

**Lilja Grétarsdóttir** arkitekt.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag hátæknigarðs í Urriðaholti í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi fyrir hátæknigarð í Urriðaholti sunnan við Reykjanesbraut í Garðabæ.

Í deiliskipulaginu felst m.a. að afmarkað er svæði fyrir 1. áfanga hátæknigarðs þar sem gerð er grein fyrir aðkomu og meginhugmynd að uppbyggingu og notkun svæðisins. Jafnframt var gerð breyting á aðalskipulagi Garðabæjar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 22. október 2002.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.